

Meðbyr og ágjöf: Þróun kynjafræðináms í íslensku samhengi

Þorgerður Einarsdóttir
Prófessor við Háskóla Íslands
Gyða Margrét Pétursdóttir
Dósent við Háskóla Íslands

Útdráttur: Skipulagt kynjafræðinám á háskólastigi hófst hérlendis árið 1996. Í greininni er gefið yfirlit yfir þróun kynjafræðináms á Íslandi og tengsl þess við vísindasamfélagið og innviði fræðanna. Fjallað er um stofnanavæðingu kynjafræðináms frá grasrótastarfi til námsbrautar með stöður, fjármagn, framhaldsnám, rannsóknir og útskriftir. Þá er fjallað um tengsl kynjafræðináms við samfélagið og hagnýtingu þess. Stofnanavæðing námsins er forsenda þess að það geti dafnað. Margir hafa þó bent á að stofnanavæðing námsins sé tvíbent á sama hátt og stofnanavæðing jafnréttisstarfs. Hún bjóði heim þeirri hættu að námið gangist kerfinu á hönd og verði bitlaust um og leið og viðurkenning er fengin. Þróun kynjafræðináms sýnir að þar hafa skipst á meðbyr og ágjöf; námið er samþykkt að ákveðnu marki en ber á sama tíma viss einkenni grasrótastarfs. Í greininni eru færð rök fyrir því að togstreita stofnanavæðingarinnar, að vera í senn innan og utan kerfisins, hafi ekki gert kynjafræðinám bitlaust. Þvert á móti sýnir ágjöfin og gagnrýnin að kynjafræðinám hefur haldið í róttækni sína og breytingamátt, sem í reynd er þess helsta lífsmark.

Lykilorð: ● Kynjafræðinám ● stofnanavæðing ● hagnýting ● grasrótastarf

Abstract: Gender studies as an organized and independent line of study was established at the University of Iceland in 1996. The article gives an overview of the development of the study program and its relations to the academic community. We discuss the institutionalization of gender studies, from the grass root level to a formalized part of the academic structure in terms of academic posts, budget, graduate programs and research funding. Finally, we discuss gender studies' relations to society and its utilization. Institutionalization of the study line is a prerequisite for its growth. However, many have pointed out that institutionalization is double edged, both when it comes to gender studies as a study program and gender studies as a tool in organized equality work. Institutionalization can be at the cost of feminist activism, which is an integral part of gender studies. The development of the gender studies program shows that there have been ups and downs; the studies are accepted up to a certain point and at the same time it has stayed true to its activist roots. The article argues that the conflicts concurrent with institutionalization, to be both within and outside of the system, have not made the gender studies program less critical. On the contrary, the criticism directed at gender studies both from within the academic community and society in general shows that gender studies as an independent study program has preserved its radicalness and power to have an effect on society, which are its main signs of vitality.

Keywords: ● Gender studies ● institutionalization ● utilization ● grass roots activism

Inngangur

Kynjafræðinám í Háskóla Íslands var formlega sett á laggirnar fyrir rúmlega 20 árum, þótt nám og rannsóknir á sviðinu eigi sér talsvert lengri forsögu (Sigríður Matthíasdóttir, 2011). Háskólinn var fyrstur menntastofnana hérlendis til að setja á laggirnar skipulega námsbraut í kynjafræði en slík fræði setja sífellt meira mark á vísindi, háskólastarf, framhaldsskólastarf og opinbera stefnumótun um allan heim. Sem dæmi má nefna að kynjafræði er víða kennd í háskólum og framhaldsskólum hérlendis og íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og kynjaðri fjárlagagerð. Hér á eftir verður þróun kynjafræðináms skoðuð, með sérstakri áherslu á Háskóla Íslands, og reifað hvernig sjónarhorn kynja- og margbreytileika liggur til grundvallar kennslu og námi. Fjallað verður um tengsl kynjafræðináms við vísindasamfélagið og hagnýting námsins skoðuð. Stofnanavæðing kynjafræðinnar er mikilvæg til þess hægt sé að stunda þessi fræði, en hún er líka tvíþent. Margir hafa bent á hættuna sem fylgir því að koma inn í hlýjuna, til dæmis hættuna á að gangast kerfinu á hönd og verða samþykkt og viðurkennd, en verða um leið bitlaus (Kantola og Squires, 2012; McBride og Mazur, 2010; Rees, 1998). Fjallað verður um hvernig kynjafræðinámið hefur þróast með hliðsjón af þessu.

Höfundar greinarinnar eru prófessor og dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands. Þorgerður var ráðin fyrsti fasti akademíski starfsmaðurinn við námsbrautina árið 2001 og Gyða er fyrst nemenda við skólann til að ljúka doktorsnámi í kynjafræði og var ráðin sem aðjúnt 2010 og lektor árið 2013. Greinin er skrifuð út frá þessari staðsetningu okkar og við greininguna var lögð áhersla á að fjalla um áherslur innan námsbrautar í kynjafræði við HÍ og hvað okkur þykir standa upp úr og hefur haft áhrif á störf okkar, jafnframt því að kynna rannsóknaráherslur okkar sem og þeirra nemenda sem hafa lokið doktors- og meistaranámi.¹

„Kvennarannsóknir, hvað er það?“

Haustið 1996 var sett á laggirnar 60 eininga nám² í kvennafræði við Háskóla Íslands í samvinnu (þáverandi) félagsvísindadeildar og heimspekideildar. Námið var skipulagt sem aukagrein til BA-prófs og fólst í upphafi í tveimur 10 eininga skyldunámskeiðum auk 40 eininga valnámskeiða úr hinum ýmsu fræðigreinum hug- og félagsvísinda. Þessi byrjun var mikilsvert skref eftir langan undirbúning og forsögu. Fræðikonur í Háskóla Íslands höfðu um langt árabil lagt stund á kvennarannsóknir og í byrjun 8. áratugarins hófu þær að kenna fyrstu valnámskeiðin frá kvennafræðilegu sjónarhorni. Meðal fyrstu námskeiðanna má nefna námskeið um kvennabókmenntir í heimspekideild og námskeið um kynhlutverk, kynferði og samfélag í félagsvísindadeild. Þessi námskeið voru haldin að frumkvæði einstakra kennara og voru ekki hluti af reglulegu námsframboði deilda (Sigríður Matthíasdóttir, 2011).³

Áhugi á kvennarannsóknnum jókst jafnt og þétt og sífellt fleiri greinar buðu upp á valnámskeið þar sem kvennafræðilegu sjónarhorni var beitt. Sem dæmi má nefna að árið 1985 var sérlega mikil gróska í kvennafræðunum og haldin var fjögurra daga ráðstefna í Háskóla Íslands um íslenskar kvennarannsóknir. Hana sóttu konur innan og utan Háskólans, sem og fræðikonur sem stunduðu nám og rannsóknir erlendis. Samtals 26 erindi voru haldin og aðsóknin sló öll met með á annað þúsund ráðstefnugesti. Ráðstefnubók var gefin út meðan á ráðstefnunni stóð og seldist þegar upp (Íslenskar kvennarannsóknir, 1985; Þorgerður Einarsdóttir, 1985). Um sama leyti var stofnaður *Áhugahópur um kvennarannsóknir* og fyrir

hans tilstilli var RIKK, Rannsóknastofa í kvennafræðum, sett á laggirnar árið 1991 sem ein af stofnunum Háskóla Íslands (Sigríður Matthíasdóttir, 2011).

Eitt af því sem lagði mikilvægan grunn að þróun kynjafræðináms var fjárstuðningur frá Alþingi. Í desember 1985 lögðu þingkonur Kvinnalistsins fram breytingartillögu við fjárlagafrumvarp ársins 1985 um að Alþingi veitti einni milljón króna til kvennarannsókna (Alþingistíðindi, 1985).⁴ Tillagan olli nokkrum taugatitringi á Alþingi, umræðan var lífleg og talsvert var um frammíköll og háðulegar athugasemdir. Einn þingmanna tjáði sig í löngu máli um þessa „undarlegu“ tillögu og var mikið niðri fyrir:

Kvennarannsóknir, hvað er það? Mér datt fyrst í hug að þetta ætti heima undir liðnum Sjúkrahús, að þetta væri eitthvað sem kæmi Landspítalanum við. Það mætti líka hugsa sér að breyta þessu þannig að þetta væru kvenna- og karlarannsóknir. Ég veit ekki hvaða stefna er hér á ferðinni. Það er bannað að mismuna fólki eftir kynjum. Ég veit ekki betur. [...] Ég held að þetta fyrirbæri, kvennarannsóknir, sé upprunnið í Ameríku hjá amerískum millistéttakönnum [svo]. Síðan hefur þetta verið apað eftir hér. Ég hefði skilið þessa tillögu ef hún hefði fjallað um það að greiða sérstaklega fyrir orlofsdvöl verkakvenna eða eitthvað í þá áttina, einstæðra mæðra eða eitthvað því um líkt. En þetta orð, kvennarannsóknir, alveg eins og orðið kvennamening, er að mínum dómi rugl (Alþingistíðindi, 1985).

Skemmst er frá því að segja að tillagan var felld en lögð aftur fram ári síðar og fékkst þá samþykkt (1000000 til rannsókna í kvennafræðum, 1987; Sigríður Matthíasdóttir, 2011). Framlag þingkvennanna var fyrsta skrefið í því að vekja athygli stjórnmalamanna og stjórnvalda á tilvist fræðasviðsins og studdi við kröfuna um skipulagt nám.

Kynjafræðinni og kynjafræðináminu hefur löngum verið legið á hálsi fyrir að fjalla eingöngu um konur, líkt og fram kemur í máli þingmannsins, og sú gagnrýni skýtur endurtekið upp kollinum, sbr. þetta nýlega dæmi: „Heilt fræðasvið „kynjafræði“, hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum áratugum. Þar er þó höfuðáherslan lögð á rannsóknir á konum og kvenhlutverkinu. Kynjafræðin eiga því mikið óunnið á sviði karlarannsókna“ (Ásgeir R. Helgason, 2017:504). Í kynjafræðinámi hefur sjónum engu að síður einnig verið beint að körlum og kynjatengslum og þá með þeim formerkjum að ekki sé hægt að skilja til fullnustu líf og aðstæður eins kyns án þess að skilja líf og aðstæður annars kyns. Með öðrum orðum öðlumst við ekki skilning á lífi og aðstæðum kvenna, undirskipaðs hóps, nema að kortleggja samtímis líf og aðstæður karla og samspilið þar á milli (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009; Harding, 1996; Smith, 1996).

Milljónin frá Alþingi sem nefnd var hér að ofan var um árábil notuð til að styrkja verkefni á sviði kvennarannsókna og var *Áhugahópi um kvennarannsóknir*, sem þá var nýlega stofnaður, falið að deila út fénu (Sigríður Matthíasdóttir, 2011). Öll þessi fyrstu skref báru einkenni grasrótastarfs því þarna var engin formleg stofnanaleg umgjörð til um kennslu og rannsóknir á sviðinu.

Stofnanavæðing

Sú þróun sem að framan er lýst er í takt við upphaf kennslu og rannsókna í kvennafræðum í nágrannalöndunum. Harriet Silius (2002) talar um sex stig stofnanavæðingar fræðasviðsins en þau eru, í fyrsta lagi, grasrótastarf (e. *the activist phase*) og í öðru lagi upphafsstig (e. *the establishment phase*), sem byggist á stökum námskeiðum, rannsóknum og frumkvæði

einstakra kennara. Þriðja stigið er stig samþættingar (e. *the integration phase*), sem er þegar námskeið fara að verða hluti af föstu námskeiðsframboði og skipulagðar námsbrautir eru stofnaðar. Fjórdá stigið, fagþróun (e. *the professionalization phase*), felst í ráðningu fastra kennara en því fylgir gjarnan fimmta stigið þar sem það sem áður var sjónarhorn innan fræðanna er skilgreint sem sjálfstætt fræðasvið með stofnunum fyrir kennslu og rannsóknir (e. *the disciplinization phase*). Lokastigið er svo sjálfræði (e. *autonomy*), sem næst þegar faglegt sjálfstæði er fengið með tilheyrandi fjármagni og útskriftum (sjá einnig Griffin, 2006).

Engin skýr skil eru milli stiga og þróunin hérlendis sýnir vel hvernig stigin skarast. Eftir rúmlega tvo áratugi er kynjafræðinamið enn 60 eininga aukagrein á grunnstigi en frá 2006 er einnig boðið upp á framhaldsnám á bæði meistara- og doktorsstigi, upphaflega með Norræna rannsóknaskólann í kynjafræði sem bakhjarl (Granstedt, 2004). Árið 2001 var lektorsstaða í kynjafræði sett á laggirnar og námið staðsett í félagsvísindadeild þótt samvinna deildanna héldi áfram. Stuttu áður, árið 2000, hafði verið stofnað til lektorsstöðu í guðfræðideild með sérstakri áherslu á kvennaguðfræði.⁵ RIKK var stofnsett árið 1991 og forstöðumaður ráðinn í fullt starf árið 2000.⁶ Kynjafræðinám í öðrum háskólum hérlendis fylgdi í kjölfarið, eins og vikið verður að hér á eftir. Með þessari þróun skapaðist stofnanaleg kjölfesta fyrir þróun náms og kennslu, og sjálfstæður vettvangur um rannsóknir, allt í samræmi við stofnanavæðingu fræðasviðsins annars staðar (Griffin 2006; Silius 2002; Widerberg 2006). En þótt stofnanavæðing sé í föstum farvegi er grasrótaráttu hvergi nærri lokið.

Áður en lengra er haldið er vert að víkja að nafni fræðasviðsins, en það hefur valdið deilum og ruglingi, eins og viðbrögð þingmannsins hér að ofan bera með sér. Hér verður hugtakaumræðan ekki rakin í smáatriðum þar sem slíka umfjöllun er að finna annars staðar (Þorgerður Einarsdóttir, 2004) heldur einungis drepíð á tilurð hugtaksins kynjafræði. Kvænnafræði (e. *women's studies*) var orðið sem upphaflega var notað um fræðasviðið þegar það óx fram milli 1970 og 1980 og þýddi í sinni einföldustu merkingu rannsóknir kvenna um konur og fyrir konur. Það tengdist áherslu fræðanna á þeim tíma á sýnileika kvenna og mikilvægi þess að bæta konum við hin hefðbundnu fræði sem höfðu haft karla sem viðmið og ýmist látið ógert að fjalla um konur eða gert þær að viðhengi karla.

Hér á landi reyndist hugtakið kvænnafræði strax of þröngt og þegar hófust umræður um nýtt nafn. Nærtækasta hugtakið, „kynfræði“, var þegar notað sem þýðing á erlenda orðinu „sexology“ og frátekið fyrir allt sem sneri að kynlífi og kynfræðslu. „Kynmenning“, „kynmenningarfræði“ og „kynspeki“ (sbr. heimspeki) voru meðal þess sem hent var á lofti, en sitt sýndist hverjum. „Kynháttufræði“ virtist mörgum vera það hugtak sem best þótti lýsa inntaki fræðasviðsins með hugtengslum við „þjóðháttufræði“, en efasemdaraddir voru uppi og ótti um að orðið gæfi færi á skopstælingu og útúrslúningum um hvernig kynin „háttu saman“! (Þorgerður Einarsdóttir, 1996). Þegar kennsluskrá ársins 1998 var á lokastigi fæddist hugtakið „kynjafræði“ og rataði það í handrit kennsluskrárinnar, rétt fyrir prentun.⁷ Rétt eins og þingmanninum forðum fannst kvennamenning og kvennarannsóknir „rugl“ þótti mörgum nafngiftin undarleg og vísa í einhver furðulegheit. Segja má að með nafninu hafi aðstandendur námsins tekið skírskotunina í kynjaveröld á orðinu og gert hana að aðalsmerki fyrir skapandi og vaxandi fræðasvið.

Þróun kynjafræðináms þessa fyrstu áratugi hefur leitt til aukinnar formfestu, fastara skipulags, aukins umfangs og meiri fræðilegrar dýptar. Á grunnstigi hefur skyldunámskeiðum

fjölgað nokkuð og hafa hinsegin fræði auk karlafræða verið meðal skyldunámskeiða námsins nánast frá upphafi fyrir þau sem taka kynjafræði sem aukagrein á grunnstigi. Árið 2010 var námskeiðið Kyn, fjölmennning og margbreytileiki gert að skyldunámskeiði fyrir alla nemendur sem hyggjast ljúka BA-námi í stjórn málafræði. Valnámskeið sem haldin hafa verið á vegum námsbrautar í kynjafræði spanna vítt svið. Innan Háskóla Íslands er auk þess boðið upp á fjölda valnámskeiða innan annarra kennslugreina, ekki síst á Hugvísinda- og Menntavísindasviði. Jafnframt þessu hefur áhersla á framhaldsnám aukist og því fylgja auknar rannsóknir. Mikil áhersla er lögð á hagnýtingu og frá hausti 2005 er boðið upp á 30 eininga diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði sem miðar að því að undirbúa nemendur undir jafnréttisstarf á vettvangi. Þá eru námskeið kynjafræðinnar í boði fyrir fjarnema.

Fyrsti MA-neminn útskrifaðist árið 2007 og fram til ársins 2019 hafa 43 nemendur útskrifast með MA-gráðu í kynjafræði og sjö nemendur með doktorsgráðu. Við Háskólann á Akureyri er kynjafræði skylda í grunnnámi í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, nútímafræði og sálfræði. Við Háskólann á Bifröst er skyldunámskeið í kynjafræði í námslínunni BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði. Kynjafræði er kennd í 20 af 31 framhaldsskólum, ýmist sem val eða skylda innan einstakra námsbrauta (Þórður Kristinsson, munnleg heimild),⁸ og við Menntaskólann á Laugarvatni er kynjafræði skylda fyrir alla nemendur skólans (Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, 2018). Þessi áhersla hefur skapað þrýsting í Háskóla Íslands og haustið 2015 fóru Stúdentaráðsliðar í Sviðsráði Félagsvísindasviðs þess á leit að boðið yrði upp á kynjafræðinám sem aðalgrein í grunnnámi við Háskóla Íslands. Þrátt fyrir mikinn áhuga ýmissa aðila innan háskólans hefur tillagan ekki enn hlotið brautargengi en líta má á hana sem vitnisburð um aukinn áhuga á náminu og mikilvægi þess.

Grunnstef og inntak kynjafræðináms

Grundvallarstef í kennslu og námi í kynjafræði eru hin ýmsu birtingarform kynjakerfisins í samfélagi, sögu og menningu. Þar er fjallað um hvernig konur voru áður fyrir útilokaðar sem hópur frá hinum ýmsu samfélagslegu stofnunum og hvernig hlutverk þeirra var afmarkað við heimilið og einkasviðið meðan opinbera sviðið var vettvangur karla. Þegar formlegri útilokun var aflétt einkenndist þátttaka kvenna af undirskipun, þ.e. það sem konur gera er undirskipað því sem karlar gera. Dæmi um það er þegar konur fá lýðrættindi og aðgang að hinu opinbera sviði hafa þær minni samfélagsleg völd og virðingu en karlar (Walby, 1990).

Í upphafi einkenndist kennsla í fræðunum, sem þá hétu kvennafræði, af gagnrýni á þessa útilokun og áherslu á að bæta konum við. Spurt var um kyn (e. *sex*) í merkingunni konur og karlar sem einstaklingar og hópar, hvað *konur* hefðu lagt til málanna, til sögunnar, menningarinnar, samfélagsins og vísindanna sem karlar höfðu skapað og viðhaldið. Þessu sjónarhorni fylgdi gjarnan mikil áhersla á „höfðatölujafnrétti“, þ.e. jafnt hlutfall kynja. Þótt þessi nálgun eigi enn við í dag hafa viðfangsefnin breikkað með árunum. Nú á dögum er þetta einungis fyrsta spurning af mörgum og hefur vikið fyrir áherslu á *kyngervi* í víðari og dýpri skilningi.

Hugtakið kyngervi (e. *gender*) olli vatnaskilum í kennslu og rannsóknnum á fræðasviðinu. Það opnaði fyrir róttæka og gagnrýna skoðun á hinni margvíslegu merkingu kyns og á því hvernig fjölmörg menningarleg og samfélagsleg fyrirbæri hvíla í óorðuðum merkingarveruleika nátengdum hugmyndum okkar um karlmennsku og kvenleika.

Grundvallaratriði í þessari nálgun er að í kyngervum endurspeglar valdatengsl þar sem yfirráð kallast á við undirskipun. Það birtist í því að það sem er menningarlega tengt hugmyndum um kvenleika er undirskipað því sem tengt er karlmennsku, hvort sem þau merkingartengsl eru borin uppi af einstaklingum af karl- eða kvenkyni. Kyngervi er skapandi þáttur í félagslegum tengslum og ein áhrifamesta leið sem til er til að táknera valdatengsl, virðingarröð (Scott, 1988) og mannlega yfirburði. Í rannsókn sem gerð var meðal dýralækna á Englandi var sýnt hvernig mannhverfar (e. *anthropocentric*) karlmennskuhugmyndir ráða ríkjum þrátt fyrir aukinn hlut kvenna innan greinarinnar, bæði þegar kemur að vinnumenningu og dýravelferð þar sem *karlmennskan* ríkir ofar konum, kvenleika og dýrum (Clarke og Knights, 2018). Hugmyndir um hugtökin kyn og kyngervi takmarkast ekki lengur við ástand eða eiginleika og hugtakið kynjun (e. *gendering*) er nú notað til að greina hvernig við sköpum og endursköpum kynjun – karlmennsku og kvenleika – í orðum og atferli (sjá einnig Laufey Axelsdóttir, 2013; Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014).

Áherslan á kyngervi og kynjabreytuna sem tengsl hefur opnað margar nýjar gáttir. Innan karlafræða, og einkum innan gagnrýnna karlafræða, sem rík áhersla er á í kynjafræðináminu, beinist athyglin að því hvernig kynjakerfið bitnar á öllum kynjum, en einnig að því að afbyggja forréttindi karla (Connell, Hearn og Kimmel, 2005). Karlar eru margbreytilegur hópur rétt eins og konur og karlmennskuhugmyndir byggjast á stigveldi meðal karla sem birtist í því allir karlar hafa ekki völd og forréttindi í kerfi sem nærast á að aðgreina suma karlmenn frá öðrum. Breyturnar kyn og stétt spila því saman sem þýðir að ekki eru allir karlar jafn valdamiklir (sjá Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Sem dæmi má nefna að í aðdraganda hruns íslensku bankanna árið 2008 laut svokölluð stjórnmalakarlmennska (e. *political masculinity*) í lægra haldi fyrir viðskiptakarlmennsku (e. *business masculinity*). Það þýðir að virðing og völd færðust frá vettvangi stjórnmalanna og yfir á viðskiptalífið og þeirra karla sem þar ríktu. Þessi tilfærsla valds hafði ýmiskonar afleiðingar og er auðvitað ekki bara bundin við íslenskt samfélag heldur alþjóðsamfélagið þar sem völd fjölbjóðafyrirtækja aukast á kostnað þjóðþinga (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017). Þessi þróun tengist síðan því sem kallað hefur verið hið tvöfalda ríki (e. *dual state*). Íslandi hefur verið lýst sem tvöföldu ríki þegar kemur að stöðu kvenna. Á yfirborðinu eru réttindi kvenna viðurkennd með lagasetningum og opinberu jafnréttisstarfi en undir yfirborðinu ríkja annars konar hagsmunir sem koma í veg fyrir að jafnrétti kynjanna verði í raun. Þar koma við sögu karllæg forréttindi og pólitískir/efnahagslegir hagsmunir sem tvinnast saman (Johnson, Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2013).

Á undanförunum misserum hefur hugtakinu skaðleg karlmennska (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004) eða eitruð karlmennska (e. *toxic masculinity*) verið haldið á lofti og þá ekki síst í tengslum við #metoo hreyfinguna (sjá nánari umfjöllun hér á eftir) og viðbrögð karla við henni undir myllumerkinu #karlmennskan, þar sem karlar velja upp skaðlegum karlmennskuhugmyndum og afleiðingum þeirra (sjá t.d. Ari Brynjólfsson, 2018). Skaðlegar karlmennskuhugmyndir eru þær hugmyndir sem eru skaðlegar körlum og þar með skaðlegar samfélaginu. Þetta eru hugmyndir sem gera út á fyrirvinnuhlutverkið, yfirburði karla og valdbeitingu svo sem kynferðislega áreitni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Í rannsókn innan námsbrautar í kynjafræði á einelti og kynferðislegri áreitni innan íslensku lögreglunnar kom fram að 30% lögreglukvenna hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni, flestar af karlkyns samstarfsmönnum og yfirmönnum. Kynferðislega áreitnin virðist vera ein ástæða þess að

konur hverfa frá störfum í meira mæli en karlar og á sinn þátt í að viðhalda karllægri vinnuþingingu þar sem konur upplifa sig ekki velkomnar og festir þannig í sessi karllæg yfirráð á vinnustaðnum (Finnborg S. Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017). Þetta er dæmi um skaðlega karlmennsku; ekki einungis er hún skaðleg konum og samfélaginu sem verður af áhrifum kvenna innan lögreglunnar heldur er hún einnig skaðleg körlum.

Mikilvægi þess að láta engan bilbug á sér finna og þröngt skilgreindar hugmyndir um æskilega karlmennsku (skaðleg karlmennska) voru áberandi í annarri rannsókn innan námsbrautarinnar sem gerð var meðal íslenskra lögreglukarla. Þessar hugmyndir höfðu áhrif á möguleika lögreglukarla til að vinna úr streituvaldandi atburðum og ýttu undir einelti á vinnustað. Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru þær að lögreglukarlar virðast forðast umræðu um tilfinningar og starfstengda streitu. Þeir tala um lögreglumenn sem upplifa starfstengda streitu, eða þurfa að vinna með tilfinningar sínar, á máta sem gefur til kynna að þeir sjálfir séu ekki og vilji ekki tilheyra þeim hópi. Tilfinningaúrvinnsla sé fyrir aðra menn, sem þá um leið eru taldir skorta karlmennsku (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017a).

Kyngervi er samofið hinu gagnkynhneigða forræði sem setur sam-, tví- og pankynhneigða skörinni lægra en aðra og hinsegin fræði varpa ljósi á tengsl þessara breyta. Hugtakið kynusli (e. *gender trouble*) var kynnt til sögunnar með skrifum Judith Butler á 10. áratugnum og notað til að rífa okkur upp úr hjólförum vanahugsunar og stöðunar (Butler, 1990). Kynjakerfið nærast líka á vestrænni nýlendustefnu og þjóðhverfu; það hefur hafið hinn hvíta ófatlaða – gagnkynhneigða – karlkynseinstakling upp í æðra veldi sem viðmið. Allir þessir þættir renna sem rauður þráður í gegnum kynjafræðinámið þar sem samspil mismunarbreyta (e. *intersectionality*) er í brennidepli (Verloo, 2006; Yuval-Davis, 2006).

Hinsegin fræði eru mikilvægur þáttur innan kynjafræðináms og mikill vöxtur er í hinsegin fræðum. Þau hafa stuðlað að uppstokkun og endurnýjun í kynjafræðináminu sem og samfélaginu öllu (Josephson og Þorgerður Einarsdóttir, 2016; Josephson, Þorgerður Einarsdóttir og Svandís A. Sigurðardóttir, 2016; Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, 2017, sjá einnig *Ritið* 2. tbl. 2017). Ísland var til skamms tíma talið í fararbroddi í málefnum hinsegin fólks, einkum með tilliti til mikilla réttarumbóta og viðhorfsbreytinga gagnvart samkynhneigðum (Rydström, 2007; Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2007). Staða samkynhneigðra hefur jafnvel verið notuð til að markaðssetja Ísland sem hinsegin paradís (Íris Ellenberger, 2017). Margvísleg lagaleg réttindi hafa vissulega náðst, svo sem réttur hinsegin fólks til tæknifrjóvgana, ættleiðinga og giftinga. Kynjatvíhyggja og orðræður sem upphafa hið gagnkynhneigða norm lifa þó góðu lífi í samfélaginu og meðal samkynhneigðra (Eygló Margrét Stefánsdóttir, 2013), í samkynhneigðum fjölskyldum og tengslum lesbískra mæðra við börn sín (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2011; Svandís Anna Sigurðardóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2011). Enda þótt aðalnámskrá hafi jafnrétti sem eina af sex grunnstoðum og kynhneigð sé skilgreind sem einn af þáttum þess (Ritröð um grunnþætti menntunar: Jafnrétti, 2013) er jaðarsetning hinsegin fólks þó enn raunveruleiki innan skólakerfisins (Jón Ingvar Kjarran, 2015). Þannig segir lagaleg staða bara hluta sögunnar, auk þess sem hugtakið hinsegin nær ekki lengur aðeins til kynhneigðar heldur annarra þátta svo sem kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna þar sem kynin eru mörg og hefðbundnir flokkar og hugtök í uppstokkun. Hinsegin er nú nokkurs konar „einföldun á

skammstafasúpunni LGBTIQ“ (Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, 2017:31) sem hefur fengið viðurkenningu undir hinsegin regnhlífinni (sjá nánar Hinsegin frá Ö til A, e.d.). Sterk staða Íslands á Regnbogakortinu, mælikvarða alþjóðabaráttusamtaka hinsegin fólks, ILGA, hefur lækkað síðustu ár, ekki síst vegna kyrrstöðu í samanburði við önnur lönd (Friðrika Benónýsdóttir, 2018).

Eitt af því sem var talið færa Íslandi sterka stöðu í alþjóðlegum samanburði hinsegin mála voru lög um réttindi transfólks frá árinu 2012 (lög nr. 57/2012). Lögin þóttu mikil réttarbót á sínum tíma, en þau gerðu nafnbreytingar mögulegar án skurðaðgerðar eða hormónaefnaferðar. En lögin byggðust á lækisfræðilegu forræði og vísuðu í trans fólk sem fólk „með kynáttunarfæðing“ (e. *gender identity disorder*) sem skilgreindi trans sem sjúkdóm. Sjónarhornið var sískynja, það er, það miðaði við fólk sem upplifir kyn sitt í samræmi við það kyn sem því var úthlutað við fæðingu (Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, 2017:10). Með lögum um kynrænt sjálfræði frá 2019 (nr. 80/2019) féllu þessi lög úr gildi og nú hefur fólk rétt til að skilgreina kyn sitt.

Meðbyr: Frá útilokun til þátttöku

Þegar komið er á meira fræðilegt dýpi í kynjafræðináminu er krufið hvernig kynjakerfið birtist í hinum ýmsu fræðikenningum, aðallega hug- og félagsvísinda, en einnig annarra fræðasviða. Það eru margar leiðir til að ástunda vísindi og engin þeirra er skilyrt við líffræðilegt kyn fólks; slíkt væri að eðlisgera mannlegar athafnir eins og vísindastörf. Bandaríski vísindasagnfræðingurinn Londa Schiebinger (1999) talar um þróun sjálfbærra vísinda (e. *sustainable science*). Vísindi eru samfélagsleg iðja sem verður að þjóna öllum; fötluðum, hinsegin fólki, ungum, gömlum, fátækum, íbúum fátækari heimssvæða (e. *global south*), svörtu fólki, konum og femínistum. Femínísk vísindarýni er stunduð af fólki sem hefur gagnrýna kynjavitund og hún á samleið með annarri róttækri vísindarýni í þágu jaðarhópa. Markmiðið er ekki bara að fá fleiri konur og jaðarhópa í vísindin, heldur að breyta vísindunum, gera þau lýðræðislegri og næmari fyrir margbreytileika tilverunnar, ekki bara í þágu kvenna heldur allra. Þetta hefur verið leiðarstef í rannsóknum meistara- og doktorsnema innan námsbrautar í kynjafræði sem hafa snúið að fjölmörgum málefnum, svo sem jafnrétti í viðum skilningi (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2012), lífssögum homma (Þorvaldur Kristinsson, 2013), transfólki (Ugla Stefanía Kristjónsdóttir Jónsdóttir, 2014), fötluðum konum (Freyja Haraldsdóttir, 2017), heimilislausum konum (Valgerður Jónsdóttir, 2018), konum af erlendum uppruna með íslenska maka (Sonja Dögg Gunnlaugsdóttir, 2014) og fleiru. Loks má nefna rannsóknir á umhverfismálum og loftslags- og öryggismálum (Auður H. Ingólfssdóttir, 2016; Thelma Björk Jóhannesdóttir, 2011).

Hér að framan kom fram að undirskipun tæki við af útilokun. Konur voru ekki eingöngu útilokaðar í samfélagslegum skilningi heldur einnig í vísindunum. Þær voru útilokaðar sem fræðimenn, prófessorar, höfundar og viðmælendur í vísindalegri samræðu. Lífssaga og örlög Bjargar C. Þorláksson, fyrsta íslenska kvendoktorsins, sýna þetta vel. Þótt Björg hafi smám saman öðlast formlegt aðgengi að menntastofnunum með miklu harðfylgi bjó hún við ævilanga þöggun (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 2001). Undirskipun kvenna innan háskólasamfélagsins birtist í dag sem aðgreining og undirskipun. Rannsókn Þorgerðar Þorvaldsdóttur (2002) á dómnefndarálitum í Háskóla Íslands sýnir hvernig umfjöllun um umsækjendur er kynjuð á margvíslegum plönum. Þá sýna rannsóknir að karllæg viðmið eru

ráðandi innan raunvísindageirans í Háskóla Íslands sem endurspeglast bæði í jafningjamenningu og námstilhögun. Þetta getur reynst hindrun fyrir þá nemendur sem ekki samsama sig karllægri ímynd (Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011).

Í nýrri rannsókn, sem framkvæmd var innan námsbrautar í kynjafræði, þar sem beitt var aðferðafræði kynjaðra fjármála, kemur fram að meira opinberu fjármagni er ráðstafað til greina þar sem karlar hafa verið eða eru í meirihluta nemenda og kennara, þ.e. greina sem eru á sviði verk- og náttúruvísinda. Innan hug- og félagsvísinda, þar sem konur eru í meirihluta nemenda og fjölmennari meðal kennara en á sviði verk- og náttúruvísinda, er minna fjármagn til ráðstöfunar. Þetta hefur m.a. áhrif á nemenda- og kennarahlutfall. Árið 2013 var kennara- og nemendahlutfall á Verk- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands einn kennari fyrir hvern 21 nemanda en á Félagsvísindasviði var hlutfallið einn kennari fyrir hverja 43 nemendur (Finnborg S. Steinþórsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Thamar M. Heijstra og Gyða M. Pétursdóttir, 2016).

Aukinn fjöldi nemenda kallar síðan á aukin akademísk húsverk. Akademísk húsverk eru þau störf akademískra starfsmanna háskólanna sem ekki eru sérstaklega metin innan háskólanna líkt og rannsóknir og kennsla en eru engu að síður störf sem nauðsynlegt er að sinna, eins og að skrifa meðmælalibréf og eiga fundi með nemendum um málefni sem strangt til tekið tengjast ekki einstaka námskeiðum eða lokaverkefnum nemenda. Akademískum húsverkum virðist í meira mæli sinnt af konum en körlum og virðist það m.a. vera vegna þess að nemendur hafa ólíkar væntingar til karla og kvenna (Thamar M. Heijstra, Finnborg S. Steinþórsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2016; Thamar M. Heijstra, Þorgerður Einarsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir og Finnborg S. Steinþórsdóttir, 2017).

Rannsóknir Helgu Kress á hvernig „bókmenntastofnunin“ sniðgengur konur, jafnvel þegar þær hafa fengið formlegt aðgengi, hafa reynst nemendum í kynjafræði innblástur (sjá t.d. Gerður Bjarnadóttir, 2012; Hertha Richardt Úlfarsdóttir, 2016). Bókmenntastofnunin vísar veginn um hvað skuli teljast bókmenntir, og hvað teljast skuli *góðar* bókmenntir (Helga Kress 2000:60–61, skáletrun okkar). Sama er uppi á teningnum á fleiri sviðum samfélagsins. Lára Rúnarsdóttir (2015) hefur í rannsóknnum sínum á stöðu kvenna í tónlist bent á hvernig smekkur á tónlist er samfélagslega mótaður og hvernig það sem tengt er körlum og hinu karllæga hefur verið upphafið á kostnað kvenna og hins kvenlæga. Í því sambandi má benda á hvernig fjallað er annars vegar um tónlistarmenn og söngvara þegar vísað er til karla í tónlist og hinsvegar til tónlistarkvenna og söngkvenna þegar vísað er til kvenna í tónlist þrátt fyrir að orðið maður eigi að sjálfsögðu við allar manneskjur óháð kyni. Lára (2015) hefur einnig bent á annarskonar undirskipun sem konur í tónlist verða fyrir, þ.e. að samstarfsfólk efast um tæknikunnáttu þeirra auk þess sem þær verða fyrir ýmiskonar áreiti af hendi samstarfsfélaga og áhorfenda. Í frásögnum kvenna í tónlist sem fram komu í #metoo hreyfingunni haustið 2017 mátti síðan lesa sambærilegar sögur (Bára Huld Beck, 2017; Konur gegn kynferðisáreitni, e.d.).

Í þessu samhengi er hollt að velta fyrir sér mörgum hugtökum sem viðtekin eru í málinu og gefa til kynna forréttindastöðu og aðgreiningu. Þar má nefna hugtakið „kyn“ sem iðulega vísar í konur, rétt eins og önnur kyn séu ekki til. Þarna birtist líka viðhorfið „við“ og „hinir“, skilgreining ráðandi hópa á eigin stöðu sem viðmiði og sjónarhorni annarra ýmist sem

jaðarstöðu eða hreinlega „annarleika“ í merkingunni ögrun eða ógn, s.s. „litað fólk“ sem í daglegu tali jafngildir því að vera hörundsödkkur, rétt eins og hvítt sé ekki litur. Hugtökin hjátrú, hjávísindi, gervívísindi og falsvísindi gefa til kynna að til sé rétt trú til aðgreiningar frá rangri trú, og alvöruvísindi sem skipa öðrum þekkingarkerfum á annan bás, en hugtakið gervívísindi eða falsvísindi hefur einmitt verið notað um kynjafræðina og nám í kynjafræði (Egill Helgason, 2007; Vill að kynjafræði verði skyldunámsgrein á öllum skólastigum, 2018). Hugtakinu falsvísindi svipar til hugtaksins falsminningar. Orðræðan um falskar minningar hefur reynst fyrirferðarmikil í umfjöllun um kynferðisbrot, einkum þegar dætur greina frá kynferðisofbeldi af hálfu feðra sinna (Doane og Hodges, 2009). Þau sem aðhyllast hugmyndina um falskar minningar halda því gjarnan fram að minnið sé óáreiðanlegt og skapandi en reiða sig þó á sama tíma á hugmyndir um stöðugleika minnisins þegar þeirra eigið minni á í hlut (Doane og Hodges, 2009:90). Þannig var athyglisvert að í máli Ólafs Skúlasonar biskups var eingöngu sjónarhorn Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur tengt við falsminningar en ekki annarra skyldmenna eins og minni þeirra lyti öðrum lögmálum en hennar.⁹

Sú gagnrýni sem að framan er nefnd, sem felst í því að greina hinar ýmsu birtingarmyndir kvenfyrirlitningar og útilokunar, er hliðstæð því sem Charlotte Witt (1996) hefur kallað neikvæða nálgun heimspekisögunnar á konur og hið kvenlæga. Hún helst í hendur við jákvæða prógrammið eða uppbygginguna, að skapa eitthvað nýtt. Það felst í að brjóta niður hefðbundnar flokkanir, eins og hinsegin umfjöllunin hér að ofan ber með sér, en einnig að nota hefðbundin vísindi sem uppsprettu fyrir viðfangsefni femínískra fræða. Þessi nálgun hefur verið leiðarstef innan námsbrautar í kynjafræði. Meginstefnan þar hefur verið tengsl kynjabreytunnar við margbreytileikafræði (e. *diversity studies*) eða jaðarfræði. Sú afstaða byggist á því að hópar sem eru á jaðrinum í einhverri merkingu, hvort sem er vegna kyns, uppruna, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs eða annarra mismunarbreyta, hafi annað sjónarhorn („þekkingu“) en þeir sem eru staðsettir í „miðju alheimsins“ og hafa haft vald til að skilgreina og túlka heiminn. Í kynjafræðináminu er skoðað hvernig samspili þessara mismunarbreyta er háttáð, og hvernig engin mannvera er kynlaus í augum samfélagsins og getur tilheyrt mörgum jaðarhópum samtímis (Verloo, 2006; Yuval-Davis, 2006). Þetta kallast á við hugmyndir í hagnýtu jafnréttisstarfi sem ganga út á jafnrétti í víðum skilningi, eða jafnrétti allra. Jákvæða verkefnið, uppbyggingin, felst í því að jaðarhópar eru ekki lengur að biðja um aðgang að óbreyttu kerfi – heldur er heimurinn skoðaður frá þeirra sjónarhorni til þess að afbyggja valdakerfi og ryðja braut fyrir lýðræðislegra samfélag. Þarna er hin þverfræðilega nálgun styrkur kynjafræðinámsins. Þannig eru tengsl við fötlunarfræði, hinsegin fræði, önnur fræði minnihluta- og jaðarhópa, og ekki síst tengsl við hugmyndir um valddreifingu, sjálfbærni og umhverfisvernd (sjá Gná Guðjónsdóttir, 2017), liður í þeirri viðleitni að gera samfélagið betra fyrir heildina.

Með þessu er undirstrikað að kynjafræðinámin er ekki í þágu eiginhagsmuna kvenna, eða jafnvel bara hvítra, vel menntaðra, gagnkynhneigðra, sískynja og ófatlaðra kvenna, eins og margir gefa sér. Það er einnig algengur misskilningur að konur breyti þekkingu og vísindum sjálfkrafa. Í þessu sambandi er gagnlegt að velta fyrir sér muninum á hugtökunum krítískur massi og krítískir gerendur. Lengi vel var talið að þegar konur næðu ákveðnum fjölda, t.d. á vettvangi stjórnmalanna, og var þá oft miðað við 30%, myndi inntak stjórnmalanna breytast í þágu kvenna (Dahlerup, 2006). Sú varð ekki raunin. Því var farið að

beita frekar hugmyndinni um krítíska gerendur, sem eru fólk, bæði karlar og konur, sem beittir sér fyrir réttindum kvenna og femínískum gildum. Það gerist því ekki sjálfkrafa með auknum fjölda kvenna að hlutur kvenna aukist. Til þess þarf kynjavitund sem við öll getum tileinkað okkur enda þótt konur séu líklegri en karlar til að tileinka sér hana (Childs og Krook, 2009).

Öldugangur og ágjöf

Kennsla í kynjafræði sem í felst vísinda-, samfélags- og menningarrýni er ögrun fyrir hin hefðbundnu vísindi sem og samfélagið allt. Viðbrögðin við að rugga bátum láta heldur ekki á sér standa. Þau viðbrögð spanna allt frá aðferðafræðilegri og kenningalegri gagnrýni á femínísk fræði (sjá t.d. Ásgeir R. Helgason, 2017; Davíð Snær Jónsson, 2018; Gelsthorpe, 1992; Hammersley, 1992; Helgi Tómasson, 2017; Ramazonouglu, 1992; Róbert Haraldsson, 2012; Skeggs, 2008) til föðurlegra umvandana (sjá Snjólfur Ólafsson, 2005a; 2005b), ótta og jafnvel yfirlætis og smættunar (sjá Kolbeinn Tumi Daðason, 2018). Þá hefur umfjöllun um kynferðisofbeldi kallað fram sérlega sterk viðbrögð þar sem samasemmerki hefur verið sett á milli kynjafræðinnar og fasisma, eða kynjafræði verið nefnd í sömu andrá og Menningarbyltingin í Kína, bókstafstrú, heilagt stríð, aftaka án dóms og laga, hryðjuverkastarfsemi, öfgamúslímar, Talibanar, krossferð, Sharía dómur, McCarthy-ismi, Spænski rannsóknarrétturinn, nornaveiðar, Gúlagið og Þýskaland nasismans (Ívar Karl Bjarnason, 2016). Í þeirri umræðu hafa kennarar í kynjafræði einnig verið nefndir brennuvargar og taldir ógn við réttarríkið (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017).

Ekki þarf að undra að það krefst nokkurrar áræðni af nemendum að velja sér fræðigrein sem siglir svo gegn straumnum og oft er fjallað um með neikvæðum hætti (sjá einnig Jakobína Jónsdóttir, 2012; Jakobína Jónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Samanburðarkönnun sem gerð var í Evrópu sýnir að nemendur sem velja kynjafræðinámskeið hafa tilhneigingu til sjálfstæðis, víðsýni og áræðni umfram aðra nemendur (Griffin, 2006). Í rannsókn sem gerð var hérlandis meðal núverandi og fyrrverandi MA-nema í kynjafræði kom fram að í náminu upplifðu nemendur vitundarvakningu, þau fengu svona „kabúmm“ eins og einn nemandinn orðaði það, hugsun þeirra varð gagnrýnni, þau lærðu að bera kennsl á forréttindi sín og urðu um leið meðvitaðri um stöðu sína í samfélaginu. Hið persónulega varð að fræðilegu og pólitísku viðfangsefni (Karen Ásta Kristjánsdóttir, 2015; Karen Ásta Kristjánsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2015:3). Með aukinni vitundarvakningu upplifðu sumir nemendur þörf á að beita sér með femínískum hætti og skynjuðu samfara því samfélagslegan mótbyr sem litaðist af andfemínisma (Karen Ásta Kristjánsdóttir, 2015).

En það eru ekki bara nemendur sem upplifa sprengikraft kynjafræðinnar, svo vísað sé í „kabúmm“ upplifun nemans hér að ofan. Rannsókn sem gerð var meðal framhaldsskólakennara sem kenna kynjafræði og aðrar greinar sýndi að kennarar upplifa annars konar og aukið álag samfara kynjafræðikennslunni; álag sem felst í því að fjalla um málefni sem snerta nemendur persónulega og kalla á sterkar tilfinningar meðal þeirra og kennara sem brjótast fram í kennslustundum og eftir að þeim lýkur. Kennarar lýsa t.d. álaginu, sem og ávinningnum, sem fylgir því þegar nemendur greina kennara frá erfiðri reynslu sem þau hafa orðið fyrir, reynslu sem þau hafa fengið kjark til að orða, s.s. af kynbundnu ofbeldi (Maríanna Guðbergisdóttir, 2014; Maríanna Guðbergisdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014).

Vitundarvakning varðandi kynbundið ofbeldi og kynlífsmenningu

Rannsóknir á kynbundnu ofbeldi og kynlífsmenningu hafa verið áberandi innan námsbrautar í kynjafræði og hafa fræðilegar áherslur tekið mið af samfélagsbreytingum og í einhverjum tilfellum rutt brautina. Sem dæmi má nefna rannsókn Thomas Brorsen Smidt (2013) á klámvæðingu og samstarf hans, Reykjavíkurborgar og fleiri aðila um gerð fræðsluefnis um kynferðislega áreitni sem eina af birtingarmyndum klámvæðingar (Klámvæðing er kynferðisleg áreitni, 2012). Rannsókn Thomasar og fræðsluefnið var gagnrýnt og meðal annars spurt hvort Reykjavíkurborg væri með klám á heilanum (Einar Steingrímsson, 2012). Eins má nefna rannsókn Finnborgar S. Steinþórsdóttur (2014; sjá einnig Finnborg S. Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014) á nauðgunarmenningu. Í þeirri rannsókn kemur fram að nauðgunarmenning sé rótgróin í samfélaginu. Það birtist m.a. í því að ekki er samræmi á milli tíðni nauðgana og framgangs nauðgunarmála í réttarkerfinu (United Nations Human Rights - OHCHR, 2008). Nauðgunarmýtur eru algengar og byggja ekki síst á því að ábyrgð nauðgana er færð frá geranda yfir á brotþola. Ein afleiðing þessa er sú að konur telja sig geta komið í veg fyrir að þeim sé nauðgað hegði þær sér með ákveðnum hætti (Þórhildur Sæmundsdóttir, 2016). Á sama tíma eru gerendur afsakaðir og þar með ekki taldir geta borið ábyrgð á gjörðum sínum eða gerðir að skrímslum sem eigi sér engar aðrar hliðar (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014).

Félagslíf framhaldsskólanna og kynlífsmenning ungs fólks hefur verið áberandi viðfangsefni nemenda í kynjafræði. Kynjuð valdatengsl eru þar í forgrunni (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Raket Magnúsdóttir, 2015; Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Raket Magnúsdóttir, 2014) og skortur er á kynfræðslu og sú fræðsla sem býðst er talin koma of seint (Rósa Björk Bergþórsdóttir, 2014). Í rannsókn Rannveigar Ágústu Guðjónsdóttur (2016) á nauðgunum í nánnum samböndum unglunga má sjá sambærileg mynstur og í rannsókn Finnborgar en ungur aldur brotþola og reynsluleysi þegar kom að nánnum samböndum gerði þeim erfitt fyrir að bera kennsl á ofbeldið og ekki er gert ráð fyrir reynslu þeirra í úrvinnsluþjónustu ýmiskonar, réttarkerfinu og samfélaginu almennt. Að verða fyrir kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur hafði víðtæk áhrif á líf kvennanna og helmingur þeirra tíu kvenna sem rannsóknin náði til hættu námi í kjölfarið (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017b). Kynferðiseinelti hefur einnig áhrif á skólagöngu brotþola. Kynferðiseinelti er skilgreint sem „hvers konar hegðun og orðræða sem á þátt í að fella viðkomandi inn í viðtekinn kvenleika eða karlmennsku og viðheldur þannig andrúmslofti og menningu þar sem kynjamisrétti, fordómar og undirskipun jaðarhópa þrífst“ (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018:44). Meðal birtingarmynda kynferðiseineltis eru kynferðisleg áreitni og druslustimplun (sjá einnig Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, 2015) sem virðast eiga sinn þátt í mótun kvenleikans (sjá einnig um mótun kvenleikans í Guðnýju Gústafsdóttur, 2016). Þátttakendur í rannsókninni lýstu því hvernig þær sem ungar stúlkur tóku sér rými og hvernig kynferðiseineltið kenndi þeim að rýmið væri ekki þeirra (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018).

Í #metoo hreyfingunni sem fór af stað á haustmánuðum 2017 komu fram vitnisburðir um þann veruleika sem birst hafði í þeim rannsóknnum sem nefndar eru að framan. Íslenskar konur létu ekki sitt eftir liggja og á tímabilinu nóvember 2017 til apríl 2018 birtust í fjölmiðlum áskoranir um 5500 kvenna í 16 hópum og um 840 sögur af kynbundnu ofbeldi.

